



12. apríl 2021
Tilvísun: 2103090

Dreifibréf númer: 21/2021
til lánastofnana og verðbréfafyrirtækja

Efni: Viðmiðunarreglur EBA varðandi stjórnun áhættu vegna upplýsinga- og samskiptatækni (ICT) og öryggisáhættu

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) um stjórnun áhættu vegna upplýsinga- og samskiptatækni (ICT) og öryggisáhættu (EBA/GL/2019/04). Viðmiðunarreglurnar útfæra nánar 74. gr. tilskipunar 2013/36/ESB (CRD IV tilskipunin) og styðjast við 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Viðmiðunarreglurnar koma til viðbótar efni samkvæmt leiðbeinandi tilmælum (LT) nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila en leysa einnig af hólmi hluta af þeim. Ætlast er til að lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki starfi í samræmi við viðmiðunarreglurnar frá og með 1. júní 2021. Frá þeim tíma þurfa lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki ekki lengur að fylgja eftirtöldum ákvæðum í LT nr. 1/2019: 4.-13. tölul. (kaflar 2, 2.1 og 2.2), 21.-24. tölul. (kafla 2.4) og 38.-41. tölul. (kaflar 4.2 og 4.3).


Viðmiðunarreglurnar innihalda leiðbeiningar um rekstur UT kerfa, upplýsingaöryggi og netvarnir, byggðar á áhættumiðaðri nálgun fyrir mikilvægar vörur, og þeim kerfum, birgjum og starfsfólki sem vörurnar byggja á. Byggt er á markvissri beitingu 3. varnarlína í stýringu á áhættuumgjörð vegna upplýsingaöryggis. Einnig innihalda reglurnar nýjar leiðbeiningar um verkefnastjórnun UT verkefna.


Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitsskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins og tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES. Markmið þeirra er að stuðla að frekari samleitni og stöðlun á sviði árangurstengdra þóknana og eftirlits lögbærra yfirvalda.

Fjármálaeftirlitið beinir því til lánastofnana og verðbréfafyrirtækja að kynna sér framangreindar viðmiðunarreglur EBA á heimasíðu Seðlabankans og taka mið af þeim í starfsemi sinni frá og með 1. júní 2021. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglurnar við mat á því hvort lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki uppfylli kröfur samkvæmt þeim ákvæðum í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem fjallað er um í þessu dreifibréfi.

Fjármálaeftirlitið fyrirhugar að halda kynningu á viðmiðunarreglunum sem verður auglýst nánar síðar.

Virðingarfyllt,


Elmar Ásbjörnsson
framkvæmdastjóri
bankar


Hjálmur Nordal
forstöðumaður
bankar